



Reykjavík, 22. febrúar 2023

FAS23020036

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Innkaupaskrifstofa

Eftirfarandi fyrirspurn var lögð fram í Borgarráði þann 7. maí 2020 og vísað til umsagnar Innkaupaskrifstofu:

Reykjavíkurborg er með miðlægan samning við Öryggismiðstöðina um öryggisvörslu almennt. Óskað er upplýsinga af hverju Reykjavíkurborg hefur ákveðið að kaupa þjónustu af Securitas þegar borgin er með miðlægan samning við Öryggismiðstöðina? Hvernig stendur á því að skóla- og frístundasvið skiptir við Securitas, sem lægst bjóðanda í verk en velferðarráð við Öryggismiðstöðina?

Svar við fyrirspurn

Það er ekki miðlægur samningur hjá Reykjavíkurborg um öryggisgæslu almennt. Sá miðlægi samningur sem er í gildi um öryggisgæslu er afmarkaður við fjargæslu á viðvörunarkerfum, farandgæslu og leiga á öryggiskerfum til skemmtíma og á við í skilgreindum tilfellum. Þeir samningar sem okkur er kunnugt um að hafi verið gerðir falla ekki undir þann miðlæga samning sem er og var þá í gildi.

Virðingarfyllst,

Magrét Lilja Gunnarsdóttir

Fjármála- og áhættustýring

Innkaupaskrifstofa